

ALLT

ÞRIÐJUDAGUR 9. nóvember 2021

KYNNINGARBLAÐ



Sarah Jessica Parker og Chris Noth í tókum á nýju þáttunum um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Geymdi allt góssið úr Sex & the City

thordisg@frettabladid.is

Sarah Jessica Parker geymdi upp á sitt einsdæmi hvern einasta hlut úr sjónvarpsþáttunum Sex and the City, sem sýndir voru á árunum 1998 til 2004. Þetta kemur fram í viðtali við leikkonuna í desember-hefti bandaríska Vogue.

Í desember frumsýnir HBO nýja framhaldsseríu af Sex and the City, sem fengið hefur nafnið And Just Like That.... Þar bregður leikkonan sér aftur í hlutverk Carrie Bradshaw og segir aðdáendur geta átt von á að sjá flikur, skó og fylgihluti úr upprunalegu þáttunum.

Bláu brúðarskórnir

„Ég geymdi hvern einasta hlut. Húsgögn, flikur og hvaðeina sem ég pakkaði niður og skráði eftir þáttaröð, þætti og atriði,“ segir Parker í viðtalinu við Vogue.

Þar á meðal eru hvítar gallastuttbuxur úr 3. þáttaröð, glitrandi Dolce & Gabbana-nærbuxur sem hún klæddist í eftirminnilegu atriði í þáttaröðinni á eftir og að sjálfsögðu geymdi hún alla Manolo Blahnik-hælaskóna sem auðkenndu Carrie í þáttunum.

„Ég er með Hangisi-hælaskóna sem Mr. Big gaf Carrie þegar hann bað hennar; sandalana sem hundur Aidans kjamsaði á og svörtu hælaskóna sem Carrie klæddi sig í þegar hún komst í fata-skáp Vogue,“ segir Sarah Jessica en bláu brúðarskórnir fá veglegan sess í nýju þáttunum. ■



Skammdegið
þarf ekki að vera erfitt

- Orkublandan frá ICEHERBS hjálpar þér að vakna á dímum vetrarmorgnum
- 2000 einingar af d-vítamíni og kröftug íslensk burnirót

ICEHERBS

D-vítamín

Orkublanda með kröftugri burnirót & d-vítamíni 2000 AE 60 myndfreskubrotastíla



Hjá Rúmföt.is er boðið upp á fjölbreytt úrval af lúxus rúmfötum fyrir fólk á öllum aldri.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Vönduð rúmföt í miklu úrvali

Hjá Rúmföt.is á Nýbýlavegi 28 fást vörur sem henta þeim sem vilja bara það allra besta. Þar fást fjölbreytt rúmföt úr hinu dásamlegu silkidamaski, íslensk rúmföt eftir þrautreynda saumakonu, úr ítölskum gæðaefnum, og annar lúxus fyrir fólk á öllum aldri. **2**

„Nú þegar kólna tekur í veðri og vindurinn gnauðar á gluggum langar mann helst að skriða snemma upp í rúm og þá er ekkert betra en mjúk og þægileg rúmföt. Fólk grínast líka stundum með það þegar það kaupir sér rúmföt hjá okkur að nú verði ómögulegt að fara fram úr á morgnana, því þau eru svo mjúk og yndisleg,” segir Hildur Þórðardóttir hjá Rúmföt.is. „En þá er einmitt kjörið að velja sér falleg og uppörvandi mynstur og liti til að létta lundina í skammdeginu. Það gerir gæfumuninn að það fyrsta sem við sjáum á morgnana sé eitthvað fallegt og sérstaklega ef við gefum okkur tíma til að dást að því. Þar með fyllum við okkur af góðri orku og jákvæðni fyrir daginn.“

Hildur segir að það sé alltaf jafn gaman að fá fólk í búðina sem er að kaupa sér ný sparisængurföt.

„Þá vill það oftast það finasta, sem er að sjálfsögðu silkidamaskið. Fyrst ber að nefna rúmfötin frá ítalska lúxusmerkinu Quagliotti. Það hefur starfað frá árinu 1933 og er eitt af fáum fjölskyldufyrirtækjum sem eru eftir í bransanum,” segir hún. „Ef sængurföt væru konfekt þá væru þau frá súkkulaðimeistara sem handgerir hvern einasta mola og leggur sálina í verkið. Verin eru hvert öðru fallegra og úr dásamlegu silkidamaski. Maður fær alveg hamingjutilfinningu í fingurna bara við að snerta efnin og þeir sem þekkja Quagliotti vilja ekkert annað.“

Ein af nýjungunum hjá okkur í ár eru 1.400 þræða lúxusrúmföt frá öðru ítölsku fyrirtæki, en bómullin í þessum rúmfötum er sérvalið Giza-afbrigði frá Egyptalandi,“ útskýrir Hildur. „Um er að ræða eina sjaldgæfustu bómull í heimi og einnig þá bestu. Ef Quagliottirúmfötin eru handgerðir konfektmolar þá eru þessi 1.400 þræða rúmföt heimsókn í himnaríki.“

Síðan er gaman að nefna Bauer-sængurfötin, sem væru þá eins og framúrstefnulegir konfektmolar. Röndóttá silkidamaskið er með breiðari röndum en venjulega, sem gerir þau nútímalegri og meira að segja eru til svört og dökkgrá röndótt fyrir þá sem vilja sofa með mjög dökkt. En auðvitað eru líka til bleik, blá, grá, hvít og drapplituð. Þá komu líka svaka flott rúmföt með gylltu eða silfrðu mynstri, sem smellpassar inn í áramótatískuna,” segir Hildur.

Íslensk framleiðsla

„Ekki má síðan gleyma öllum rúmfötunum sem hún Margrét okkar saumar fyrir hver jöl. Þau eru alveg æðislega flott og bara gerð úr þessum geggjuðu ítölsku efnum sem fólk elskar,” segir Hildur.

Margrét Guðlaugsdóttir, eða Magga saumakona eins og hún er oftast kölluð, er konan á bak við rúmfötin.

„Hún er reynslunni ríkari þegar kemur að saumaskap og rúmfötin sem hún saumar eru hreinlega listaverk,” segir Hildur. „Magga hefur gríðarlega reynslu af því að sauma rúmföt. Hún saumaði meðal annars fyrir Verið á sínum tíma en einnig fyrir búðirnar Höfnina, Erlu við Snorrabraut og Kristínu, en þær eru allar löngu farnar. Síðast fór Fatabúðin og var mikil eftirsjá að henni. Það má því með sanni segja að ansi margir Íslendingar hafi sofði undir rúmfötunum sem hún Magga saumar af sinni einskæru list.“

Magga segir það mikla nákvæmnisvinnu að sauma rúmföt.

„Maður skyldi nú halda að eftir tæplega 60 ára starfsreynslu ætti ég að vera löngu búin að fá nóg af þessu. En mér hefur alla tíð þótt



Rúmfötin frá ítalska lúxusmerkinu Quagliotti eru finustu sparisængurföt sem hægt er að fá og þeir sem þekkja Quagliotti vilja ekkert annað. Þau eru úr dásamlegu silkidamaski og hvert öðru fallegra.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Margrét Guðlaugsdóttir, eða Magga saumakona eins og hún er oftast kölluð, hefur tæplega 60 ára reynslu og saumar rúmföt fyrir Rúmföt.is fyrir hver jöl.

MYND/ADSEND



Rúmföt.is er líka með yndislega mjúk 300 þræða efni í alls kyns skemmtilegum og fjölbreyttum mynsturum fyrir bæði börn og fullorðna.



Þeir sem vilja alvöru gæði í sængurfötum finna það sem þeir vilja hjá Rúmföt.is.



Fallegir litir geta létt lundina.



Sumir vilja mjög dökk rúmföt.



Rúmföt.is selur einstakar hágæða vörur á sanngjörnu verði.

77 Fólk grínast stundum með það þegar það kaupir sér rúmföt hjá okkur að nú verði ómögulegt að fara fram úr á morgnana, því þau eru svo mjúk og yndisleg.

Hildur Þórðardóttir

gaman að sauma og þykir það enn þá. Þegar það kemur nýtt efni í búðina frá Ítalíu þá renni ég höndunum um það og hugsa með mér „noh, hvað það verður gaman að sauma úr þessu“,“ segir hún.

„Langstærsti hluti viðskiptavina okkar er fólk sem er komið yfir fimmtugt og vill alvöru gæði í sængurfötum. Flestir sem voru viðskiptavinir Fatabúðarinnar eða Versins í gamla daga þekkja handbragð Möggu saumakonu og eru alsælir með að hafa uppgötvað okkur eftir langþræða bið eftir nýjum arftaka,” segir Hildur. „Nokkrum sinnum hefur það líka gerst að ungir foreldrar koma til okkar og segja að amman hafi gefið barnabörnunum svo meiriháttar góð sængurföt, sem séu svo ótrúlega mjúk og góð og koma svo flott úr þvottinum, að nú vilji þau fá eins.

Svo var einn lítill sem fékk að gista hjá ömmu og sagði eftir þá heimsókn að hann vildi fá eins sængurföt og amma átti,” segir Hildur. „Þannig að amman kom í búðina og keypti handa honum hvítt silkidamask.

En yngsta kynslóðin þarf ekki

öll að fá hvítt silkidamask, því við erum líka með 300 þræða yndislega mjúk efni í alls kyns barnamynstrum. Mýs að fljúga flugvélum, keyra traktora og kappakstursbíla eða kanínur og bangsar í sveit. Þá er Pokémon á appelsínugulum bakgrunni ótrúlega vinsæll, sem og kattarúmföt fyrir kattafólk á öllum aldri. Við eigum svo líka rúmföt með hundum, fiskum og risaeðlum,” segir Hildur. „Fyrir þau aðeins eldri eigum við stjörnumerkin, stafamynstur, skeljabema og skíðarúmföt fyrir skíðafólkið. Við eigum meira að segja til barnarúmföt í hlýjum gráleitum tönum sem er svo mikið í tísku núna.“

Dúnsængur og silkikoddaver

„Við vorum að fá Mulberry-silkikoddaver í nokkrum litum en þau hafa verið mjög vinsæl og kosta aðeins 6.900 krónur án kants,” upplýsir Hildur. „Kostirnir við að sofa á silkikoddaveri, fyrir utan hvað það er dásamlegt, er að hárið verður minna úfið á morgnana.

Dúnsængurnar okkar eru líka virkilega flottar. Við bjóðum upp á nokkrar gerðir, meðal annars 770 gramma gæsadúnsæng sem er mátulega þykk án þess að vera of heit, en auk þess er ytra byrðið 550 þræða microsatín sem skráfar nánast ekkert í, en margar sængur á markaðnum eru með gróft áklæði sem skráfar í,” segir Hildur. „Það eru svona hlutir sem sumir kaupmenn eru ekkert að spá í en skipta máli ef maður vill bara það besta.“ ■

Rúmföt.is á Nýbýlavegi 28 er opin milli 12-17.30 virka daga og 11-15 laugardaga. Sími: 565 1025, rumfot.is.

BLIZ
PROTECTIVE SPORTS GEAR

MADSHUS

K2

RODE

Við opnum nýja skíðadeild!

Í tilefni þess verður **30% afsláttur**
af skíðabúnaði til 13. nóvember!



GG • SPORT



@ggsport.is



@gg_sport

Smiðjuvegi 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar: 10:30 - 18 Laugardagar: 11 - 15

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Hreingerningar

Hreingerningabjónusta Þvegillinn
5 44 44 46
Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn þvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaelis. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaveiðhald
FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingabjónusta ehf.
S. 893 6994

+++ EÐALVERK +++
• Hellulagnir
• Grjóthleðsla
• Húsaveiðgerðir
• Þak
• Gluggaskipti
• Múr
• Málningavinna
• Steinsögun

HÚSA - VIÐGERÐIR
NÝSMÍÐI-VIÐGERÐIR-VIÐHALD AÐ UTAN SEM INNAN
• STEYPU/MÚRVIÐGERÐIR
• KL/ÆÐNINGAR : ÞÖK /VEGGI
• GLUGGAR/GLER
• INNRETTINGAR OG FL.
ÖRUGG OG FAGLEG ÞJÓNUSTA 30 ÁRA REYNSLA
TILBOÐ - TÍMAVINNA
UPPL. S : 8583300 serfagehf@gmail.com

k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR
Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu frí ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskripti, myndsimar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá byli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is
Kassagítarar á tilboði
Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar
Vandaðir krossar á leiði!
3ja ára
JS LJÓSASMIÐJAN
VÉLAHREKSTÆÐI SLÁTTUVEIÐARJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opíð virka daga 8-17

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi-vinnuherbergi til leigu. ca. 10 fm, í Skútuveg. Uppl. í s. 864 1219.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S. 564-6500

Heilsa

Heilsuvörur



FYRIR AÐSTOÐ INNLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

LOFTVIFTUR
Dreifðu varmanum betur
Haltu loftinu á hreyfingu
Sjáðu úrvalið www.viftur.is
Tilboð 24.990 kr (var 27.367 kr)
Án viftu: 27°, 22°, 18°
Með viftu: 22°
Ójafn hiti og heitast efst.
Jafnari hiti og bætt loftflæði
Loftviftur spara orku með því að jafna hitastigið. Þeim mun meiri hæð, þeim mun meiri sparnaður. Á sumrin kæla vifturnar.

LOFTRÆSTING FYRIR SÉRBYLI
EIGUN Á LAGER
-KERFI
-DREIFIBOX
-STÚTA
-BARKA
HLJÓÐLÁTIR BLÁSARAR
ÞAKBLÁSARAR
MIKIÐ ÚRVAL AF STÆRÐUM OG GERÐUM.

Tilboð 21.990 kr (var 23.075 kr)
Jet 1 - 105 cm
KRAFTVIFTUR
ÖFLUGAR GÓLFVIFTUR
Verð 13.898 kr
PURRKBOX
ERTU AÐ LEGGJA BÍLUM?

ÍSHÚSIÐ - LOFTRÆSTIBÚÐIN Á SMÍÐJUVEGI 4A, GRÆN GATA
íshúsið viftur.is
S:566 6000 • Smíðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur